



# Starfsleyfi

fyrir móttöku og flokkun og umhleðslu á úrgangi, sorphirðu og gámaleigu

Nafn fyrirtækis: Terra umhverfisþjónusta hf.

Heimilisfang: Höfðasel 15

Fasteignnr.: 225-0938

Kennitala: 410283-0349

Póstnúmer: 300 Akranes

Sími: 435 0000

Netfang: lilja@terra.is

Nafn forsvarsmanns: Lilja Þorsteinsdóttir

Útgáfudagur leyfis: maí 2020

Gildir til: maí 2032

## 1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framsal starfsleyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á 4 ára fresti.

## 2. Gjaldskylda

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og starfsleyfisvinnslu.

Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Hvalfjarðarsveit, maí 2020

# Fylgiskjal

## með starfsleyfi sorpmóttökustöðvar og gámapjónustufyrirtækis

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Terru umhverfispjónustu hf., kt. 410283-0349, starfsleyfi fyrir móttöku og flokkun á sorpi, sorphirðu, gámaleigu og timburkurlun ásamt flokkunar- og umhleðslustöð að Höfðaseli 15, Akranesi. Forsvarsmaður fyrirtækisins er Lilja Þorsteinsdóttir.

### 2. GILDISSVIÐ STARFSLEYFIS

- 2.1 Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um eigendur eða húsnæði.
- 2.2 Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018, sem gildir um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er mælt í starfsleyfi þessu.
- 2.3 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Vesturlands ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning eða vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tæki er leiða til bættra mengunarvarna.
- 2.4 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku og umpökkun á úrgangi til eyðingar eða endurvinnslu, allt að 2000 tonnum á ári.
- 2.5 Þá gildir starfsleyfið fyrir gámaflutninga, m.a. á spilliefnum og sóttmenguðum úrgangi í sérhönnuðum gámum og með bílstjórum sem fengið hafa réttindi til að flytja slíkan úrgang. Um þrif og sóttthreinsun flutningstækja skal fylgja reglum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

### 3. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að sjá um að gætt sé fyllsta hreinlætis á öllu athafnasvæði fyrirtækisins. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur skal beita bestu fánlegu tækni og taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta. Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegri og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.
- 3.2 Sorpflokkun skal fara fram í lokuðu húsnæði.
- 3.3 Hlið að lóð fyrirtækisins skal læst utan opnunartíma.
- 3.4 Flutningstæki, gámar og önnur ílát sem notuð eru til geymslu eða flutnings skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.
- 3.5 Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið slitlag með niðurföllum. Allar vélar og tæki, hráefni og annað sem starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum, slyshættu eða óþægindum fyrir nágretta.
- 3.6 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Taka skal mið af reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.7 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.8 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju. Fyrirtækið skal ávalt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélarþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufupvott og háþrýstipvott.
- 3.9 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna mengunar eða hávaða. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur haldist hreinn.
- 3.10 Takmarka skal loftmengun frá starfseminni eins og kostur er.
- 3.11 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 3.12 Úrgang skal flytja til eyðingar eða endurvinnslu. Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins. Endurvinnsla eða eyðing er einungis heimil á stöðum sem hafa til þess starfsleyfi.
- 3.13 Við móttöku á brotajárni skal þess sérstaklega gætt að ekki leynist í því spilliefni t.d. rafhlöður, olía á vélum, ópressaðar olíusúr, kælimiðlar í ískápum og annað þess háttar.
- 3.14 Skylt er að sjá um að hindraður sé aðgangur meindýra, vargfugls og annarra villtra dýra að gámum, þróm og úrgangi fyrirtækisins. Verði meindýra vart á eða við athafnasvæði fyrirtækisins skal þegar útrýma þeim.

#### 4. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA OG SPILLIEFNA

- 4.1 Um meðferð og flokkun spilliefna fer samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- 4.2 Efnum sem eru flokkuð sem hættuleg efni og spilliefni skal koma til viðurkenndra móttökustöðva til eyðingar eða endurvinnslu. Óheimilt er að losa efnaúrgang í fráveitu. Óheimilt er að blanda saman spilliefnum við annan úrgang og ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.
- 4.3 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eiginleika, samsetningu og magn úrgangsins.
- 4.4 Móttaka spilliefna skal vera í sérstöku, læstu húsi, utan þess að einstakir viðskiptavinir eru afgreiddir.
- 4.5 Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát sem henta viðkomandi efnum og þau tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar svo ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 4.6 Ísogsbúnað og / eða –efni skal hafa til taks og nota ef hættuleg efni eða spilliefni leka niður. Ef spilliefni eða önnur hættuleg efni komast í frárennsli skal loka fyrir það þegar í stað og leita síðan bestu leiða til að ná þeim upp aftur. Tilkynna ber lögreglu og eftir atvikum slökkviliði ef hættuleg efni berast í fráveitu.
- 4.7 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 4.8 Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal skila reglulega til aðila með leyfi til móttöku á slíkum úrgangi. Fyrirtækinu er sjálfu heimilt að annast flutning á spilliefnum enda sé umbúnaður og flutningatæki fullnægjandi að mati heilbrigðiseftirlits.
- 4.9 Þegar fyrirtækið afhendir spilliefni til endurvinnslustöðvar eða flutningsaðila skal það halda eftir vottorði fyrir móttökunni þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Vottorð þessi skulu geymd í a.m.k. 4 ár og vera tiltæk við eftirlit eftirlitsaðila í fyrirtækið.
- 4.10 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 4.11 Leiðbeiningar um eiginleika og eitrunarhættu spilliefna skulu vera á áberandi stað í fyrirtækinu. Einnig fyrirmæli um meðferð þeirra og viðbrögð við óhöppum.
- 4.12 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.

#### 5. EIGIÐ EFTIRLIT

- 5.1 Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem jafnóðum er skráð:
  - a) Magn og gerð spilliefna sem flutt eru til endurvinnslu eða eyðingar.
  - b) Tæmingu og losun á seyru og sora, magn og förgunarpætti.
  - c) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. bilanir á búnaði eða slys.
  - d) Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik er geta varðað almannaeið.

#### 6. STARFSEMI HÆTT

- 6.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður.
- 6.2 Leggist starfsemi niður skal öllum hættulegum efna- og lyfjaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðva fyrir spilliefni. Þá skal ganga frá öllum mannvirkjum þannig að ekki stafi hætt af.

#### 7. GJALDSKYLDA

- 7.1 Vegna starfseminnar greiðir rekstraraðili árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit og starfsleyfisvinnslu.

**8. Ýmis skilyrði**

- 8.1 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.**
- 8.2 Fyrirtækis skal leitast við að flokka sorp í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda.**
- 8.3 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.**
- 8.4 Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur aðfyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.**
- 8.5 Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.**
- 8.6 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og einstökum reglugerðum sem við eiga hverju sinni.**

**Hvalfjarðarsveit, maí 2020**

# Greinargerð

## með starfsleyfistillögu fyrir Terru umhverfisþjónustu hf. Höfðaseli 15 Akranesi

Fyrirtækið Terra umhverfisþjónusta hf. yfirtók rekstur Gámasþjónustunnar ehf. (áður Gámaþjónusta Vesturlands) í byrjun árs 2019.

Starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) gaf út fyrir starfsemina við Höfðasel 15 2007 er útrunnið og því tímabært að endurskoða starfsemina.

Starfsleyfið gildir fyrir nánast sömu atriði og fyrra leyfi.

Í tillögunni nú er bætt við ákvæði um flutning á sóttmenguðum úrgangi en fyrirtækið hefur á liðnum árum tekið að sér flutning á sóttmenguðum fugli frá framleiðendum á urðunarstað eða til eyðingar. HeV hefur tekið út tvo gáma fyrirtækisins sem uppfylla kröfur um flutning á á ofangr. úrgangi.

Fyrirtækið sér um sorphirðu hjá nokkrum sveitarfélögum á Vesturlandi auk þess sem það þjónustar einkaaðila og fyrirtæki með útleigu á gámum og flutningi á sorpi til eyðingar eða endurvinnslu.

Fyrirtækið hefur leyfi til að umhlaða sorpi í lokuðu húsnæði. Umhleðslan nær ekki til vinnslu á sóttmenguðum úrgangi en þann úrgang skl flytja beint til eyðingar.

Fyrirtækið tekur á móti spilliefnum sem geymd eru í lokuðum umbúðum.

Á lóðinni er steyppt plan með niðurföllum og olíuskilju þar sem hægt er m.a. að þrifa farartæki og flutningsgáma.

Terra umhverfisþjónusta hf. sér um gámastöð, Gámu, sem er í eigu Akraneskaupstaðar en þetta starfsleyfi nær ekki til þeirrar starfsemi.

Starfsemin fellur að skipulagi Akraneskaupstaðar.

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstur og mengunarvarnaeftirlit verður að auglýsa öll starfsleyfi sem falla undir reglugerðina þannig að almenningi og stjórnvöldum gefist færi á að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur.

Starfsleyfistillagan er því auglýst á heimasíðu HeV, [www.hev.is](http://www.hev.is), og mun liggja þar frammi til 4. maí 2020.

Þá verður tillagan send sérstaklega til umsækja og bæjarfélagsins.

H.H.